

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík um notkun heimildar tollskrárlaga til að lækka aðflutningsgjöld af flugeldum til slysavarna og öryggisþjónustu. 34
13. marz

Hér með tilkynnist yður, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild þá, sem fellst í athugasemd við nr. 6 í 34. kafla tollskrár, sbr. 6. lið laga nr. 108/1951, og lækka þannig af eftirgreindum flugeldum vörumagnstoll niður í 2 auru af kg og verðtoll af þeim niður í 2%, þó þannig, að við þessa tolla bætist gildandi tollviðaukar, sbr. lög nr. 91/1952:

1. Flugelda, sem Slysavarnafélag Íslands flytur inn og gefur yfirlýsingar um að eingöngu verði notaðir til slysavarna.
2. Flugelda, sem flugmálastjórnin flytur inn og gefur yfirlýsingu um að eingöngu verði notaðir til slysavarna og öryggisþjónustu við flug og flugstarfsemina.
3. Flugelda, sem samkvæmt reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra skuli tilheyra hjargtækjum skipanna:
 - a. ef hlutaðeigandi innflytjandi hefur fengið samþykki skipaskoðunarstjóra fyrir tegund þeirri og gerð, sem hann flytur inn, og
 - b. innflytjandinn gefur yfirlýsingu um það í aðflutningsskýrslu, að flugeldarnir verði einungis seldir til skipa.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, varðandi eftirgjöf á verðtolti af ósöguðum trjáviði í fisktrönur. 35
13. marz

Í 1. gr. 7. lið laga nr. 31 frá 17. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., er fjármálaráðuneytinu heimilað að fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.

Er yður hér með tilkynnt, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að nota ofangreinda heimild.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkirkauptún, nr. 39 25. febr. 1952. 36
15. jan.

1. gr.

Á 30. gr. reglugerðarinnar eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Á eftir orðunum „bolfiskur óslægður“, í 1. flokki, bætist við: nýveidd síld.
2. Í stað orðanna „fryst og ófryst síld“, í 3. flokki, komi: fryst og söltuð síld.

2. gr.

Við 38. gr. bætist: og skal sá aðili, sem aflann kaupir, halda vörugjaldinu eftir af andvirði aflans við útborgun og standa hafnarsjóði skil á greiðslu þessari mán-aðarlega.